

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 283/2021**

**frá 29. október 2021**

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/797 frá 8. mars 2021 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af II. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/806 frá 10. mars 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu koltvísýringi, sem er búinn til úr própani, bútani eða blöndu úr hvoru tveggja með bruna, við í I. viðauka við hana <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/807 frá 10. mars 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu kalíumsorbati við í I. viðauka við hana <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012):

„— **32021 R 0806**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/806 frá 10. mars 2021 (Stjtið. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 78),

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 176, 19.5.2021, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 78.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 81.

– **32021 R 0807**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/807 frá 10. mars 2021 (Stjtíð. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 81).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zze (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008):

„– **32021 R 0797**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/797 frá 8. mars 2021 (Stjtíð. ESB L 176, 19.5.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/797, (ESB) 2021/806 og (ESB) 2021/807, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Rolf Einar Fife**

forseti.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.